

Nd.

53. Frumvarp til laga

[50. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Hálsmóum næst Fnjóská, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkv. mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Hálshrepps, en hreppurinn ásamt félagssamtökum í sveitinni hefur hug á að eignast umrædda landspildu úr Hálslandi til að reisa þar fundarhús og íþróttavöll sveitarbúum til afnota. Tekið skal fram, að hér er um óræktaða hrísmóa að ræða, sem prestssetursjörðin hefur ekkert gagn af, eins og búskaparháttum er þar nú hagað, enda hefur leigjandi jarðarinnar tjáð sig samþykkan því, að umrætt land verði látið af hendi við hreppinn, svo sem fram kemur af bréfi hreppsnefndar, sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu leyfir sér hér með að óska eftir því, að háttvirt Alþingi veiti kirkjumálaráðuneytinu heimild með lögum til að selja Hálshreppi landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Hálsmóum, næst Fnjóská, sunnan nýs vegar, er gerður var 1967.

Forsendur fyrir þessari beiðni eru, að hreppsfélagið ásamt félagasamtökum í sveitinni hefur hug á því að eignast umrætt land til að reisa á því fundarhús og íþróttavöll sveitarbúum til afnota.

Núverandi leigjandi Háls, hr. Þór Jóhannesson, er samþykkur framanrituðu og er fús að láta af hendi umrætt land.

Þar sem nota á landið til að reisa á því framkvæmdir til almenningsþarfa og nauðsynlegt er af þeim ástæðum að fá full umráð landsins, vonum við, að háttvirt Alþingi samþykki umbeðin lög.

Virðingarfyllt,

Nesi, 3. nóv. 1968.

F.h. hreppsnefndar Hálshrepps,

Valtýr Kristjánsson.